

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Daglegt líf DAG296 Kennsluáætlun Vor 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar:	Harpa Jörundardóttir, Hilmar Friðjónsson, Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir, Íris Ragnarsdóttir, Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	HJD, HIF, HRS, ÍRA, VAL
------------------	--	---------------	----------------------------

Áfangalýsing:

Áfanginn er samþættur, með það að markmiði að auka skilning og færni nemenda í félagsmótun og gagnrýnni hugsun, auka sjálfstæði í vinnubrögðum og úrræðasemi miðað við þær aðstæður sem myndast geta í daglegu lífi. Stuðst er við sex meginstoðir menntunar eins og þær koma fram í nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla – Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf.

Nemendur læra að nýta upplýsingatækni í námi sínu, þjálfast í að vinna með öðrum, þurfa að sýna frumkvæði og læra að bera ábyrgð á eigin námi. Áfanginn byggist alfarið á verkefnavinnu, einstaklings-, para- og hópverkefni, þar sem áhersla er lögð á framkomu, tjáningu og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt leikni í daglegum samskiptum.

Nemendur fá einnig aðstoð við heimanám og verkefnavinnu sem tengjast öðrum áföngum sem þeir eru skráðir í.

Lokamarkmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- íslensku samfélagi og samfélagsgerð
- á helstu hugtökum, viðfangsefnum og orðfæri daglegs lífs
- ólíkum grunngildum og siðferði í samfélaginu
- þeim þáttum sem móta samfélagið, bæði innan skólans og utan.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- setja fram á skýran og skapandi hátt efni og upplýsingar.
- notkun internets til upplýsingaleitar, uppbyggilegra samskipta og úrlausna verkefna af ýmsum toga.
- að skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf með tilliti til samhengis orsaka og afleiðinga.
- skipuleggja tíma sinn á raunhæfan hátt, hvort sem er gagnvart skóla, vinnu eða daglegu lífi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auðga og þroska samskiptahæfni sína, bæði í persónulegum samskiptum og við formlegri aðstæður.
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og geta sett sig í spor annarra.
- taka þátt í lýðræðislegri samræðu og samstarfi.

Efnisþættir:

- Notkun, gildi og áhrif samfélagsmiðla. Nemendur noti samfélagsmiðla í samskiptum innan hóps á ábyrgan máta.
- Fjölmiðlar- gildi og áhrifamáttur. Leitast við að nemendur rýni í miðla og setji fram eigið form af fjölmiðli með skírskotun í áhugasvið hópsins og daglegt líf. Áhrif auglýsinga og tölvuleikja rædd sérstaklega sem og birtingarmyndir unglunga í fjölmiðlum.
- Gildi félagslífs, sjálfbærni, sjálfbærni og samhjálp í samfélaginu. Tækifæri innan og utan skóla skoðuð.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Daglegt líf DAG296 Kennsluáætlun Vor 2014	

- Hegðun, framkoma og tjáning. Hvað er við hæfi og hvað ekki? Lítið á málið út frá einstaklingnum sjálfum og hinum ýmsum aðstæðum sem geta skapast í daglegu lífi.
- Ungmennni og það sem skiptir þau máli. Hver er staða ungmenna á Íslandi í dag, atvinnuhorfur, félagsmótun ofl. sem skiptir máli í þroska og mótun einstaklingsins.
- Tækni. Nemendum veitt innsýn í notkunarmöguleika tölva, snjallsíma, myndavéla og ýmissa forrita í tengslum við ofangreinda efnispætti.
- Áhrif menninga og lista á einstaklinginn/samfélagið, hver mótar hvern – hvernig og hvers vegna?

Kennsluefni:

Allt efni kemur frá kennurum.

Námsmat og vægi námsþátta (*) (**):

Árshátíð – undirbúningur og þátttaka	15%	Dagbók	25%
Söngkeppni – undirbúningur og þátttaka	15%	Hjálparstarf	5%
Opnir dagar – könnun ofl.	10%	Menning og listir / Menningarheimar	5%
Skýrsla um Opna daga til skólameistara	10%	Ungt fólk og framtíðin	5%
Heimanámstímar	10%		

Samtals:

100%

***Sé viðveru og ástundun ábótavant þ.e. ef viðvera fer undir 91% þá dregst 1 heill frá reiknaðri lokaekunn, ef viðvera fer undir 81% dragast 2 heilir frá reiknaðri lokaekunn fari viðvera undir 71% telst nemandi hafa fallið í áfanganum. Tekið er tillit til langvinnra veikinda og óviðráðanlegra forfalla.**

**** Réttur til breytinga áskilinn.**

Dagsetning: 31. janúar 2014

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils